

Árspaning TFÍ 2008

verður haldið dagana 17.- 18. október 2008

í Laugardalshöll

Dagskrá:

Iréne Sailer og Ronald Jung:

Útlits - og tanngervalausnir á nýrri öld

Fyrirlestrar fyrir aðstoðarfólk í Hilton/Nordica Hotel:
tannlæknar, barnasálfræðingar, sjúkráþjálfari o.fl.

Aðalfundur TFÍ verður haldinn 16. október

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf

2. Mál löglega fram borin til afgreiðslu

Skrifstofan
verður
lokuð vegna
sumarleyfa
frá 9. til 23.
maí en
félags-
mönnum er
velkomið að
hringja í
Anný í síma
897-7574 ef
þörf
krefur..hún
verður á
Spáni!

Styrkir úr vísindasjóði

TFÍ

Auglýst er eftir umsóknum um styrk úr Vísindasjóði TFÍ. Tilgangur sjóðsins er að styrkja rannsóknir og stuðla að vísindastörfum á sviði tannlæknisfræði á Íslandi. Reglur sjóðsins kveða svo á um að styrkbeiðnir séu gjaldgengar frá öllum tannlæknum og öðrum vísindamönnum til tiltekinna verkefna, greiðslu kostnaðar við rannsóknir og útgáfu á ritverkum á sviði tannlæknisfræða hér á landi.

Í umsóknum skal greina frá því viðfangsefni sem óskað er eftir styrk til, áætlunum um kostnað og tímalengd rannsóknar og fjárframlögum frá öðrum til verksins. Að jafnaði veitir sjóðurinn ekki fé til tækjakaupa. Að öðru jöfnu skal sá hafa forgang sem hefur ekki fengið úthultun úr sjóðnum áður.

Félagsmönnum, og öðrum vísindamönnum, sem vinna að rannsóknarverkefnum, er bent á, að hægt er að sækja um styrk úr sjóðnum og er umsóknarfrestur til 1. júní 2008. Umsóknir skulu stílaðar á formann Tannlæknafélags Íslands og sendar í Síðumúla 35, pósthólf 8596, 128 Reykjavík eða á tölvupósti tanni@tansi.is merktar "Vísindasjóður"

TANNLÆKNAFÉLAG ÍSLANDS



fréttabréf tannlæknafélags íslands

september 2006

Sigurjón Benediktsson : Hugleiðing um stöðu tannlækninga í óvinsamlegu stjórnmálaumhverfi

Hvernig á að taka á þessum 10-20% sem halda uppi hárrí tannskemmdatiðni?

- Flokka þannig að þeir sem greinast með fleiri en tvær fullorðinstennur eða fjórar barnatennur skemmdar komi tvisvar á ári. Viðgerðir greiddar með 100% styrk.
- Taka á málinu með samningum við tannlækna. Flokkun gildir. Greitt samkvæmt samningsgjaldskrá. Mikill árangur á stuttum tíma, nokkrum árum en dýrt verður það
- Gera ekki neitt. Dýrast og óþægilegast fyrir tryggingaþega til lengri tíma litið
- Taka á málinu með hækkun á gjaldskrá ráðherra. Árangur verður ekki mikill en hefst hægt og sígandi ef einhver alvara fylgir málinu

Hvernig er hægt að nálgast hnignandi tannheilsu og vandamál með heimtur barna og ungmenna til tannlæknis?

I. 0-5 ára

Skoðun, greining, skráning, fræðsla, tilkynning til leikskóla um mætingu og áhættu

II. 5-8 ára

a. Skoðun, greining, skráning, fræðsla, tilkynning til skólahjúkrunarfræðings um mætingu og áhættu

b. Skorufylla sex ára jaxla (x4), flúorlökkun, 2xBW

III. 8-12 ára

a. Skoðun, greining, skráning, fræðsla, tilkynning til skólahjúkrunarfræðings um mætingu og áhættu

b. Flúorlökkun, 2xBW

IV. 12-14 ára

a. Skoðun, greining, skráning, fræðsla, tilkynning til skólahjúkrunarfræðings um mætingu og áhættu

b. Skorufylla tólf ára jaxla (x4), flúorlökkun, lagfæring eldri skorufylla, 2xBW

V. 14-16 ára

a. Skoðun, greining, skráning, fræðsla, tilkynning til skólahjúkrunarfræðings um mætingu og áhættu

b. Flúorlökkun, 2xBW

VI. 16-18 ára

a. Skoðun, greining, skráning, fræðsla

b. Fluorlökkun, 2xBW, lagfæring eldri skorufylla

Allir verða að koma einu sinni á ári, að öðrum kosti fellur tryggingaverndin niður í jafnlangan tíma og sjúklingur mætir ekki í innköllun, þ.e. ef hann kemur ekki í árseftirlit þá greiðir hann sjálfur þessa liði við næstu komu.

Samið um greiðslu á því sem Tr greiðir 100%, annað kemur samningum ekki við. Það er þó ekki móralskt að semja um eitthvað sem rýrir tryggingavernd ungmenna eins og hún er í dag

Tannlæknar hafa frjálsa gjaldskrá gagnvart þeirri vinnu þ.e. vinnu utan samnings eins og áður. Gjaldskrá ráðherra verði skilgreind sem ákveðinn krónutölustyrkur við einhverjar aðgerðir en ekki prósentu af einhverri óraunhæfni gjaldskrá.

Er þetta eitthvað sem tannlæknar geta lagt til málanna? Eða eitthvað annað? Hvað?

Fundið á loftinu

Þetta var drungalegur dagur og Guðmundur Ómar Torfi Annsteins tannlæknir horfði út um gluggann á tannlæknastofunni. Líklega kæmi enginn í dag, en það var þá bara eins og í gær, og í fyrradag, og daginn þar á undan. Hann mundi ekki hvenær hann fékk síðast alvöru sjúkling í stólinn. Það voru alltaf þessar gömlu kellíngar sem hann hafði smíðað í sem voru með vesen. Skelfing var hann orðinn þreyttur á þeim. Afhverju hrúkku þær ekki uppaf eins og kallarnir. Líklega af þrjúsku og til að pirra hann.

Einhver sjúklingur hafði spurt hann hvort hann ætlaði ekki að fara að endurnýja tækjakostinn. Hann hafði hlegið og bent viðkomandi á að tannlækningar væru gerðar með höndunum en ekki einhverri hátækni. Hann leit yfir stofuna. Vissulega máttu hún muna sin fífil fegurri. En hann hafði ekki eytt stórfé í ný tæki í tuttugu og fimm ár. Hann glotti með sjálfum sér. Hann hafði sparað stórfé. Keypti gamlan stól úr dánarbúi og hann hafði bara nýst vel. Helvítis tískutippin sem alltaf voru að kaupa sér stóla og eitthvað glingur. Bara auglýsingabrella. Ja, svei.

Hann kallaði á klinkuna en enginn ansaði. Þetta var þriðja klinkan á jafnmörgum mánuðum. Þær entust ekki lengi. Sú síðasta hafði verið ósvífin. Hún hafði spurt hann hvort það væri eitthvað að baðinu heima hjá honum. Hann hafði komið með langar útskýringar á baðleysi sínu, en vissi upp á sig sökina. Hvað var að gera með að fara í bað oft í viku? Hún hafði síðan afhent honum pakka með handklæði og sundskýlu og baðsápustykki og sagt honum að Sundlaugin við Barónsstíg hefði opnað 1946. Hún kom ekki aftur. Önnur hafði boðist til að þvo af honum eftir að mamma hans dó. Honum fannst það óþægilegt. Bremsuförin og götin á sokkunum voru honum of persónuleg tilfinningamál. Hún sagði upp skömmu síðar.

Hugur hans hvarflaði til gamalla tíma. Hann leit út í hornið þar sem Toxavíttunna var geymd. Gott efni. En varð að notast af varúð. Þessir ungu tannlæknar kunnu ekkert á þetta. Þeir komu í heimsókn á stofuna hans fyrir einhverjum árum tannlæknarnemarnir og hlógu eins og vitleysingar þegar þeir sáu tunnunna. Þeir máttu hlægja. Hann hélt sig við Toxavítid. Ef snobb- og kvörtunartíkin hún Gunna frænka hefði ekki kvartað til Landlæknis þegar hún fékk osteomyelitis hér um árið, væri tunnan orðin tóm. Hefði notast til mikilla lækningar og marga krónuna sparað. Hefði læknað margan manninn. Guðmundur Ómar glotti aftur. Gunna hafði hvort eð er misst allar tennurnar skömmu síðar og grátbeðið hann að smíða í sig. Hann hafði smíðað þær hrikalegustu tennur sem hann hafði afrekað um æfina. Hún hafði verið kölluð Mammúturinn í mörg ár á eftir. Já þetta var allt í lagi. Það enduðu hvort eð allir með dauða eða blóðgóm. Þægilegt starf að vera tannlæknir. Gott á þá þetta lið.

Hann hafði ætlað að verða fornleifafræðingur. Hugur hans stóð alltaf til þess. Grúska í gömlu dóti. Beinum, mold og dýrmætum fornum sorphaugum. Mamma hans hafði suðað í honum að fara í eitthvað sem gæfi pening. Gefið pening. Það hafði þá verið. En hann hafði látið undan. Það var hvort eð næsti bær við fornleifafræðina. Hann fann sorgina hellast yfir sig. Mamma hans hafði dáðið í fyrra og óhreinu fötin og notuðu hnífapörin sem lágu út um allt í íbúðinni minntu hann á missi sinn á hverjum degi. Hún hafði verið klinka hjá honum fyrstu fimmtán árin. Þau hefðu orðið ásátt um að hún hætti þegar heilbrigðiseftirlitið hótaði endanlega að loka stofunni. Mamma hans hafði enga trú á því að einhver autoklav eða hitaskápur gerðu eitt eða neitt. Nema þá að eyðileggja tól og tæki. Hindra bakteríuvöxt, krosssmít, eyðni. Þvílíkt bull. Hann hló með sjálfum sér. Hann hafði líka bent þeim kurteislega á að bakteríur hefðu ekki vængi. Stuttu seinna hafði bréfið komið. Hann hafði neyðst til að kaupa autoklav. Hann kunni ekki einu sinni að opna hann. Joðið og etanólið höfðu dugað vel hingað til.

Hann hafði einu sinni fallið fyrir klinku sem hafði unnið hjá honum. Hún hafði vakið hjá honum tilfinningar sem hann hélt að aðeins mamma hans gæti vakið. Og eitthvað meira. Hún hafði verið indæl. Hann hafði meira að segja farið og keypt sér föt og snyrtidót til að hafa sig til fyrir hana. Hún hafði góða nærveru. Þá hafði verið mikið að gera á stofunni. Líklega af því að hún þreif stofuna í sjálfboðaliðastarfi á hverjum degi. Þó honum hafi fundist það algjör óþarfi hafi hann séð að það skipti einhverju máli. Hann hafði ákveðið að taka stóra skrefið. Hann kom með hana heim. Mömmu hans hafði ekki líkað við hana. Sagt hana vera af vondu fólki. Hún grét. Hann gerði ekki neitt. Hún hætti. Hann hafði ekki séð hana síðan. Hann hafði þá ekki lengur ástæðu til að kaupa fötin sín sjálfur svo hann lét móður sína um það eins og áður.



fréttabréf tannlæknafélags íslands

maí 2008

HVER MAN EKKI GAMLA DAGA?

HVER man ekki þann tíma í gamla daga, eldgamla daga, að við mættum á félagsfundi til að fræðast, til að hittast, til að gleðjast.

Við mættum öll!

Síðan tók við tími félagsdeyfðar og óánægju. Fundir voru illa sóttir og frekar leiðinlegir vegna fámennis og áhugaleysis. En tímarnir breytast.

Nú ber svo við að fundir í Tannlæknafélaginu eru orðnir að fjölmönnum, fræðilegum og skemmtilegum samkomum. Hattakvöld, grímudansleikur, skákmót, bridgemót og jafnvel björkvöld eru í umræðunni.

Fundir í félaginu hafa verið afar vel sóttir. Þann 27. mars mættu t.d. 45 félagar og hlustuðu á Davíð Gíslason, ofnæmislækni flytja fræði sín. Sautjándi apríl mættu 60 manns sem snæddu saman frábæran mat frá Eldhúsi Sælkerans og hlustuðu á Hólmfríði Guðmundsdóttur og Stefán Hrafn Jónsson skýra niðurstöður MUNNÍS með nýjum formerkjum.

Tannheilsa ER tengd félags- og fjárhagsaðstæðum!

Á fundi s.l. þrjú hafa að jafnaði mætt 50-60 félagar (á einn fund komu 106!). Þeir hafa séð ástæðu og haft tilefni til að mæta á fundi félagsins. Lesið þetta Karl, Guðmundur og Vilhjálmur og fleiri! Og þið hin sem ekki hafið enn komið á félagsfund.

Það hefur breytt fundum að þeir hefjast að jafnaði klukkan 1800 með fræðilegum fyrirlestri og umræðum. Að loknum léttum kvöldverði er síðan er rætt um félagsmál af miklum krafti.

Sjáumst.

Félagar utan Reykjavíkur og nágrennis:

Næsta haust verður stefnt að því að fræðilegur hluti félagsfunda teknir upp og sendir ykkur þannig að þið getið notið þeirra funda sem félag ykkar stendur fyrir, en þið getið ekki sótt.

Fyrirhugaður er félagsfundur á Akureyri snemma í haust með fræðilegu ívafi og vinnufundi stjórnar í kjölfarið. Komið með ábendingar og allir velkomnir.


Stjórnin

NÝR KJARASAMNINGUR

Kjarasamningur milli TFÍ og FTAT var samþykktur á fundum félaganna hinn 17. apríl síðastliðinn. Hann er að finna á heimasíðu félagsins <http://tanni.is> ..undir liðnum: TFÍ Ýmsar upplýsingarFTAT atv. Umsóknir

Í sambandi við þennan samning er rétt að hvetja tannlækna til að gera ráðningasamning við starfsfólk sitt....ráðningasamninga er að finna á sama stað á heimasíðunni og kjarasamninginn er að finna. Öllum er að sjálfsögðu heimilt að gera sérkjarasamning við sitt starfsfólk svo fremi að sá samningur uppfylli öll skilyrði aðalkjarasamningsins. Sérstaklega er vakin athygli á ákvæðum um orlofsuppbót og desemberuppbót sem og um aukin réttindi vegna veikinda.

Félag tannlækna og aðstoðarfólks tannlækna varð 30 ára nýlega og óskum við félaginu til hamingju með áfangann.



DMFT* index

Þetta er vísindaleg niðurstaða um DMFT tölu landa sem gefa upp tölur til OECD. Tannheilsa íslenskra barna og ungmenna fer hrakandi. Tannheilsa íslenskra tryggingaþega er óviðunandi. Framlög ríkisins til tannlæknatrygginga fara hratt minnkandi (um -50% frá 1996). Reglur Tr eru þrengdar á hverju ári. Minnkandi heimtur eru staðreynd á hverju ári. Vinnuumhverfi tannlækna er fráhrindandi. Stjórn málalegt viðhorf til starfs okkar er sérkennilega neikvætt. HVAD VELDUR?

Það var bankað. Hann faldi sig bak við hurðina. Rukkari eða ræningi, skyldmenni eða sjúklingur. Alveg sama. Hann hafði engan áhuga á að fá þetta pakk inn á stofuna í dag. Það var bankað aftur, bölvað og skugginn hvarf. Hann skaust að borðinu og kíkti í dagbókina. Gamall skólabróðir og kollegi hafði ætlað að líta inn. Með verk auðvitað. Ætli toxavítið sé hætt að virka? Hann hafði samt smurt aukaskammti yfir blæðandi perforasjónina og skellt amalgami yfir. Það hafði oft dugað. Þessi kunningi hans vildi að hann fengi sér eitthvað herðingarljós. Hann hefði spurt kollegann hvort hann notaði virkilega ennþá svona gamla tækni. Herðingarljós! Nei, nú tækir þú efni A og efni B og blandaðir saman og það harðnaði af sjálfu sér. Ekkert ljós, ekkert bull. Kollegi hans hefði horft sérkennilega á hann og spurt hvenær hann hefði farið síðast á fyrirlestur eða kynningu hjá Tannlæknafélaginu. Hann hafði rifjað það upp að það hefði svakalegur fyllerísfundur þar sem Haukur Clausen hefði tuskað til mann og annan og faglega hefði verið rætt um nýja tækni, airrotorinn. Síðan hefði hann ekki séð ástæðu til að vera í félaginu. Og sparað sér stóran pening. Auk þess notaði hann bara amalgam. Og toxavítið!

Hann fálmaði í brjóstvasann og greip upp varasígarettuna sem hann hafði ávallt í vinnusloppnum. Hann stundi feginsamlega. Alltaf vera viðbúinn. Vararettan í sloppnum hafði oft bjargað honum. Hann kveikti í og lagði rettuna á postulínsdiskinn sem var eins og búinn til fyrir sígarettur. Fallegir bogar á brúninni. Hún hafði einu sinni verið hvít og skínandi en nú var gul slika og svartar rendur komin á diskinn. Hann strauk diskinn. Mörg sígarettan hafði brunnið þarna upp og skilið eftir þessar gulu rendur. Honum fannst þetta kannske ekki fallegt, en allavega var þetta heimilslegt. Mörgum sjúklingum líkaði vel að geta fengið sér smók með tannlæknum að loknum farsælum tanndrætti og sumir nutu þess að horfa á hann sjúga að sér reykin með borinn á fullu. Þetta var eitthvað svo karlmannlegt. Einhverjar kellingar höfðu kvartað þegar hann missti öskuna upp í þær eða í glyrnurnar á þeim. Kvörtusjúkar gribbur. Hann hefði iðulega spurt þær hvort þær ætu ekki birkiösku í öll mál. Það stoppaði yfirleitt í þeim vaðalinn. Það var þó ekki gott þegar kviknaði í bréfahrugunni á disknum út frá rettunni í fyrra en það bjargaði málunum að pappírinn var svo blóðvættur eftir daginn að það lifði ekki lengi í hrugunni. Sjúklingurinn hafði að vísu ekki komið aftur. En hann hafði hvort eð er ekki viljað blóðgóm. jæja ætli það sé ekki best að fara ð koma s....

Eftirmáli:

Hér lýkur gulnuðu minnisblaði G. Ómars T. Annsteins tannlæknis sem fannst uppi á lofti í félagsheimilinu s.l. haust. Frásögnin er þó ekki gömul og ef einhverjir kannast við höfundinn eru þeir beðnir að gleyma því og ef einhver telur sig þekkja G. Ómar af þessum minnispunktum hans þá eru viðkomandi beðnir að halda því fyrir sig.

Áfram verður leitað á loftinu til að finna fleiri minnispunkta G. Ómars enda mikilvægt innlegg í sögu tannlækninga á Íslandi
Sben

Til tannlækna:

Það er full ástæða til að benda tannlæknum á að félagsheimilið er okkar eign

Salur og setustofa að Síðumúla 35 er leigt félagsmönnum á sanngjörnu verði

Fullkomið veitingaeldhús er á hæðinni og aðstaða öll hin besta

Auk þess er skrifstofan opin 10 - 17 alla virka daga og þar er upplýsingar og fróðleik að finna

Munið heimasíðuna <http://tannsi.is> og tölvupóstinn tannsi@tannsi.is sími er 575-0500

Engin kreppa hjá Karíusi og Baktusi

Nú hafa niðurstöður úr Munnís rannsókninni legið fyrir um nokkurt skeið. Þessi vandaða rannsókn var unnin á vegum Lýðheilsustöðvar og Heilbrigðisráðuneytisins. Niðurstöður rannsóknarinnar staðfesta þann illa grun og tilfinningu, sem læðst hefur að íslenskum tannlæknum á síðustu árum. Tannheilsu barna á Íslandi fer hrakandi.

Hvernig má það vera? Við sem höfum á síðustu árum lifað á tímum mikils uppgangs og hagvaxtar. Þjóðarbúið hefur fram til þessa skilað góðri afkomu, laun hafa hækkað og kaupmáttur aukist. Hvernig í ósköpunum getur þá staðið á því að við í þessu velsældarríki getum ekki séð til þess að viðhalda góðri tannheilsu barna okkar. Þetta er okkur til háborinnar skammar. Bæði stjórnvöldum og foreldrum.

Að stuðla og vinna að góðri tannheilsu er ekki svo flókið verkefni. Ástæður tannskemmda eru vel þekktar. Langflestir ef ekki allir vita að neysla sykurs og sykurríkra matvæla, s.s. gosdrykkja, er slæm fyrir tennurnar. Ennfremur vita nánast allir að reglulegar heimsóknir til tannlækna og forvarnir skila sér. Þetta hafa óteljandi rannsóknir sýnt fram á. Samt er eins og þetta sé forsvarsmönnum þjóðarinnar gjörsamlega ókunnugt um. Þeir virðast skella skollaeyrum við og markvisst vinna gegn þessari vitneskju. Eins furðulegt og það kann að virðast.

Stjórnvöld lækka álögur á sykur og gosdrykki!

Meðal þess sem nefna má í þessu samhengi, er að stjórnvöld samþykktu frumvarp, þar sem álögur á gosdrykkir og sykur voru lækkaðar, þrátt fyrir mótbáur Lýðheilsustöðvar og tannlækna. Þetta hlýtur að stuðla frekar að aukinni neyslu en minni. Það sér hvert mannsbarn.

Stjórnvöld hafa ennfremur minnkað fjárframlög til tannlækninga umtalsvert á síðustu árum. Það kemur meðal annars fram í minni heimtum barna til tannlækna. 20% íslenskra barna undir 18 ára aldri komu ekki til tannlækni á síðasta ári. Við hvern er að sakast? Foreldra og/eða stjórnvöld? Skólatannlækningar voru lagðar niður og ábyrgð foreldra því aukin. Það er í dag alfarið í höndum foreldra, að sjá til þess að börn þeirra fari í reglulegt eftirlit til tannlækni.

Tannlæknafélag Íslands hefur lýst yfir miklum áhyggjum af gangi mála. Fyrir skömmu bauð félagið til fundar ýmsum þingmönnum, ráðherrum og öðrum, þar sem fjalla átti um stöðuna. Skemmst er frá því að segja, að aðeins einn sá sér fært að mæta. Það var umboðsmaður barna. Aðrir höfðu varla fyrir því að afboða sig. Þetta lýsir best áhugaleysinu og virðingarleysinu, sem þessi mál virðast þola hjá ráðamönnum þjóðfélagsins.

Framlög hins opinbera til tannlækninga í miklu ósamræmi við aðra heilbrigðisþjónustu.

Tryggingastofnun ríkisins endurgreiðir 75% af svokallaðri ráðherra gjaldskrá, sem hefur ekki verið hækkuð síðan 2004. Þessi gjaldskrá er í hróplegu ósamræmi við almennar hækkunir og raunverulegan kostnað við tannlækningar. Þess vegna er þessi endurgreiðsla í besta falli um 40-50 % af útlögðum kostnaði heimilanna vegna tannlækninga barna.

Á árunum 1998-2007 hækkaði ofangreind gjaldskrá um 27%. Á sama tíma hækkaði vísitala neysluverðs um 61% og launavísitalan um 123%.

Á þessu sama níu ára tímabili hækkuðu útgjöld ríkisins vegna annarrar heilbrigðisþjónustu um 57 % miðað við verðlag í mars 2007.



Við náðum að fækka tannskemmdum um 75% á 12 ára tímabili

Ekki eru nema 9 ár síðan undirrituð skrifaði grein í Morgunblaðið, þar sem hún fagnaði hversu vel hafði tekist til við að bæta tannheilsu barna á Íslandi. Þá hafði tekist á ótrúlega skömmum tíma, að skipa okkur í hóp með öðrum norrænum þjóðum hvað tannskemmdir varðar. Við höfðum áður átt heimsmet í tíðni tannskemmda, en höfðum með samstilltum aðgerðum náð því á aðeins 12 árum, að komast í hóp þeirra þjóða, sem hvað best standa sig í þessum efnum. Við hljótum öll að vilja tilheyra þeim hópi áfram. Til þess þurfa stjórnvöld að koma að málinu með verulega auknum framlögum bæði til forvarna og tannlækninga. Við getum þetta. Það hefur sagan kennt okkur.

Foreldrar verða ennfremur að axla sína ábyrgð. Auðvitað vilja allir foreldrar hugsa vel um börnin sín. Það vill hins vegar brenna við, að umhirða tanna og tannheilsa lendi oft á tíðum neðarlega á forgangslistanum.

Verkefnið tekur aldrei enda. Þetta er verkefni sem þarf stöðugt að vinna í og endurskoða. Við megum ekki sofna á verðinum. Tryggja þarf komu allra barna í eftirlit, a.m.k. einu sinni á ári og meðferð ef þörf er á. Það má ekki líðast í íslensku velferðarþjóðfélagi, að foreldrar þurfi að veigra sér við því, að fara með börn sín til tannlækni vegna takmarkaðrar endurgreiðslu hins opinbera. Aldur barnsins á ekki heldur að skipta máli. Það er ekki nóg að ætla að tryggja ákveðnum árgöngum betri þátttöku ríkisins. Öll börn ættu að njóta sama réttar.

Er verið að brjóta á íslenskri æsku?

Samkvæmt barnasáttmála sameinuðu þjóðanna, sem Ísland er aðili að, er í 24. grein viðurkenndur réttur barns til að njóta besta heilsufars, sem hægt er að tryggja. Í öðrum lið þessarar sömu greinar sáttmálans er kveðið á um að tryggja skuli öllum börnum nauðsynlega læknaaðstoð og heilbrigðisþjónustu. Er það gert þegar lítur að tannheilsu íslenskra barna? Ég tel ekki. Því miður er ekki öllum börnum tryggð nauðsynleg tannlæknaþjónusta. Það tel ég algjörlega óviðunandi. Það er mitt álit að öll börn á Íslandi eigi rétt á að fara út í lífið með heilbrigðar tennur. Óháð efnahag og aðstæðum. Það er okkar fullorðna fólksins að tryggja að svo verði.

Það er kaldranalegt til þess að hugsa, að einmitt frá þeim tíma sem liðinn er síðan barnasáttmálinn var undirritaður fyrir Íslands hönd, hafa stjórnvöld verulega dregið úr fjárframlögum til forvarna og tannlækninga barna og unglunga.

Kalla á efndir kosningaloforða

Fyrir síðustu kosningar vantaði ekki stóru loforðin. Allir flokkar voru með það á stefnuskrám sínum, að bæta tann- og munnheilsu landans. Einkum þó barna og unglunga. Þarna var Samfylkingin hvað fremst í flokki. Hvað hefur svo verið gert í þessum málum? Svárið er einfalt. Ekki nokkurn skapaðan hlut. Ég kalla á efndir loforðanna og að stjórnvöld vakni af dvalanum. Það er ekki nóg að opna augun fyrir vandanum rétt fyrir kosningar og stinga svo hausnum í sandinn þess á milli.

Kristín Gíjga Einarsdóttir
tannlæknir og stjórnarmaður í stjórn Tannlæknafélags Íslands.